

# Rannsóknarstofa í textíl, stofnár 2020

## Ársskýrsla fyrir árið 2024

Höfundur skýrslu: Ásdís Jóelsdóttir, formaður Rannsóknarstofu í textíl

Innihald:

- Yfirlit yfir stjórnaraðila
- Markmið og starfsreglur
- Verkefni og fundir
- Stjórnarfundur 2024
- Menntakvika 2023
- Textílvarp Rannsóknarstofu í textíl á Spotify
- Fræðslunefnd og síða Rannsóknarstofu í textíl

Samþykki fyrir stofnun stofunnar innan Menntavísindastofnun Háskóla Íslands lá fyrir haustið 2019, en stofnfundur Rannsóknarstofu í textíl var haldinn fimmtudaginn, 30. janúar 2020 kl. 17, í textílstofu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, nánar í Skipholti 37. Faglegt bakland að baki stofnun stofunnar er skipað 16 aðilum úr ólíkum áttum, m.a. öllum skólastigum. Stofnun stofunnar er að frumkvæði Ásdísar Jóelsdóttur sem er lektor í textíl og hönnun við MVS HÍ.

Árið 2023 voru rúmlega 40 skráðir aðilar að rannsóknarstofunni og eru þeir úr ýmsum áttum; skólafólk, kennarar, hönnuðir, listamenn o.s.frv. Að rannsóknarstofunni standa formaður (og stofnandi) frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, fulltrúar frá Listaháskóla Íslands, formenn og varaformenn frá Félagi textílkennara í grunnskólum og Félagi fata- og textílkennara í framhaldsskólum.

### Yfirlit yfir stjórnaraðila Rannsóknarstofu í textíl

Ásdís Jóelsdóttir formaður – Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Sigrún Kristjánsdóttir Lyngmo – Félag fata- og textílkennara í framhaldsskólum

Bryndís Björgvinsdóttir - Félag fata- og textílkennara í framhaldsskólum, meðstjórnandi

Kristín Garðarsdóttir – Félag textílkennara í grunnskólum

Sigríður Hjartardóttir – Félag textílkennara í grunnskólum, meðstjórnandi

Ragna Sigríður Bjarnadóttir – Listaháskóli Íslands

Karín María Káradóttir –Listaháskóli Íslands, meðstjórnandi

### Markmið og starfsreglur

1 Rannsóknarstofan í textíl mun beita sér fyrir að kynna rannsóknir og þróunarverkefni með áherslu á textílgreinina á grunn-, framhalds- og háskólaskólastigum. Markmiðið er að styrkja tengslin og byggja brú á milli kennara og fræðimanna sem og háskólanema í milli. Markmiðið er einnig að stofan verði vettvangur fyrir og taki þátt í umræðum í samfélaginu sem tengjast skólastarfi og ólíkum starfssviðum greinarinnar.

Hlutverk stofunnar er:

- að efla tengsl menntunar og atvinnulífs í greininni og vera vettvangur fræðaþróunar á sviðinu.
- að eiga frumkvæði og að skapa aðstæður til að sinna rannsóknum, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna og vera vettvangur umræðna á sviðinu.
- að standa fyrir málþingum og ráðstefnum og öðrum viðburðum til að miðla þekkingu á sviði og starfsemi stofunnar.

- að auka samstarf og samtal milli hinna ólíku en skyldra faggreina innan textílgreinarinnar sjálfra sem og annarra fræðigreina sem gæfi möguleika á fjölbreyttari rannsóknar- og þróunarverkefnum.

2 Formaður er starfsmaður Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Formenn og varaformenn Félags fata- og textílkennara í framhaldsskólum og Félags textílkennara í grunnskólum hafa fastar aðsetur í stjórn og eru meðstjórnendur virkir og mæta á stjórnarfundum. Listaháskóli Íslands tilnefnir aðila í stjórn fyrir sína hönd og eru það kennarar í fatahönnun.

3 Allir aðilar stofunnar geta komið með tillögum um verkefni og geta komið þeim á framfæri við stjórn stofunnar og geta einnig tekið þátt í framkvæmd þeirra.

4 Rannsóknarstofan hefur aðsetur á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og starfar undir hatti Menntavísindastofnunar MVS.

### Verkefni og fundir Rannsóknarstofu í textíl

Helstu atriði sem aðilar rannsóknarstofunnar vinna með:

- ✓ Skráningu og gagnasöfnun
- ✓ Þátttöku á Menntakvikum
- ✓ Rannsóknir, nýlegar og í gangi og hvatning til nýrra
- ✓ Samvinnu þvert á skólastig
- ✓ Hvatningu til útgáfu bóka
- ✓ Viðtöl og kynningar í Textílvarpi Rannsóknarstofu í textíl
- ✓ Málþing um stöðu og framtíðarsýn textílmenntunar og - kennslu

Markmið rannsóknarstofunnar eru ekki fullmótuð og eru margir möguleikar í stöðunni og er það í hlutverki stofnenda og stjórnaraðila að móta markmiðin. Auk þess á stofan að vera í stöðugri þróun og taka tillit til hugmynda og tillagna sem beint er til hennar frá þátttakendum stofunnar og öðrum áhugasömum. Stjórnin tilnefnir einnig fulltrúa í ráðgefandi nefndir sem stjórn rannsóknarstofunnar getur leitað til og haft samráð við. Haldinn er einn formlegur stjórnarfundur í maímánuði ár hvert. Auk þess eru haldnir fundir meðal nefnda; hlaðvarpsnefndar og fræðslunefndar. Aðilafundir hafa einnig verið haldnir. Stjórnin heldur úti hlaðvarpi undir heitinu Textílvarp Rannsóknarstofu í textíl á Spotify.

### Stjórnarfundur 2024

Stjórnarfundur var haldinn mánudaginn 16. september kl. 17-18.15 í Tækniskólanum. Sigrún og Bryndís, kennarar við skólann, tóku á móti stjórninni og sýndu virkilega fína aðstöðu þeirra fyrir nám í kjólasaumi og klæðskurði. Stjórnin þakkar þeim fyrir góðar móttökur.

#### Dagskrá fundarins:

**17.00-17.10: Textílvarp.** Soffía Magnúsdóttir sagði frá skipulagi hlaðvarpsins og var ákveðið að Félag textílkennara í grunnskólum tæki að sér að sjá um að finna áhugasama aðila frá þeim til að sinna Textílvarpinu næsta tvö árin. Verið er að bíða eftir nýju húsnæði Menntavísindasvið í Sögu, en þar á að vera gott upptökustúdíó. Ekki er vona á að það verði komið í gangið fyrr en næsta haust.

#### **17.10-17.30: Fata- og textílkennsla – Brú á milli skólastiga?**

Stjórn Félags textílkennara í grunnskólum lýstu í stutt máli hvernig vinnan fór fram við endurskoðun á Aðalnámsskrá grunnskóla, en eingöngu grunnskólakennarar unnu þá vinnu, en áður við slíka vinnu hefur aðkoma verið frá faggreinadeild MVS HÍ. Engar afgerandi breytingar eru á hæfniviðmiðum í textíl, aðallega var verið að laga orðalag og gera það almennara. Einnig voru rædd inntökuskilyrði í Listaháskóli Íslands og á Menntavísindasviði HÍ. Vinna er líka hafin við endurskoðun Aðalnámsskrá

framhaldsskólanna. Mögulega verður hægt að ræða nánar um þessa endurskoðun í grunn- og framhaldsskólum á aðilafundi sem stefnt verður á að halda með vorinu 2025.

**17.30-17.40: Fræðslunefnd.** Fræðslunefndina skipa Birna Guðmundsdóttir, Kolbrún Jenný Gunnarsdóttir, Soffía Magnúsdóttir og Ásdís Jóelsdóttir. Nefndin kynnti störf sín við skoðun og flokkun á ritgerðum í Skemmu sem fjalla um textíl. Ákveðið var að stefna að því að halda aðilafund með vorinu með áherslu á að kynna vinnu nefndarinnar. Sjá nánari umfjöllun um vinnu fræðslunefndar hér síðar í skýrslunni.

**17.40-17.50: Menntakvika 2024.** Rannsóknarstofa í textíl hélt utan um eina málstofu með fjórum erindum sem hafa verið ritrýnd og samþykkt af nefnd Menntakviku. Formaður rannsóknarstofu í textíl sem heldur utan um umsóknarferlið gerði grein fyrir samþykktum erindum á Menntakviku. Sjá nánari umfjöllun um erindin hér síðar í skýrslunni.

**17.50-18.10: Aðilafundur að vori 2025.** Samþykkt var að stefna að því að halda aðilafund vorið 2025 og verður hann auglýstur í marsmánuði.

**18.10-18.15: Önnur mál**

**Ragna Sigríður Bjarnadóttir, fagstjóri námsleiðar í fatahönnun við LHÍ, bætist hér í hóp stjórnarmeðlima, í staðinn fyrir Þórunni Maríu. Meðstjórnandi frá LHÍ verður áfram Katrín María Káradóttir.**

## **Menntakvika 2024**

Ein málstofa var haldin með fjórum erindum undir yfirheitinu Textíl: Menntun og störf, nýmæli, hugmyndir og sjálfbærni. Um 80 manns hlustuðu á erindin á staðnum og í beinu streymi á Zoom og vöktu erindin mikla athygli enda fjölbreytt viðfangsefni eins og áður hefur verið á Menntakvikum.

**Heiti málstofu:**

**Textíll: Menntun og störf, nýmæli, hugmyndir og sjálfbærni**

**Dagur og tími:**

Föstudagurinn 27. september kl. 09:00-10:30

**Málstofustjóri:**

Ásdís Jóelsdóttir, lektor í textíl og hönnun MVS HÍ

## **Skapandi fígúruhekl: Kennsluverkefni í formi vefsíðu fyrir nemendur á mið- og unglíngastigi í grunnskóla**

**Anna Dís Árnadóttir, meistaranemi MVS HÍ, Ásdís Jóelsdóttir lektor MVS HÍ**

Markmiðið með rannsóknarverkefninu var að koma með hugmyndir og rökstyðja hvernig og hvers vegna ætti að kenna fígúruhekl í grunnskólum á miðstigi og unglíngastigi. Í rannsókninni var skoðað hvernig fígúruhekl tengist hæfniviðmiðum í núgildandi Aðalnámskrá grunnskóla og þrepamarkmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999. Með hliðsjón af því var hugað að sögu heklins og aðferðum í hekli með áherslu á fígúruhekl. Niðurstöður sýna að fígúruhekl, þar sem skapandi og sjálfstæð vinnubrögð eru viðhöfð, henti vel nemendum sem eru á miðstigi eða nánar 6. og 7. bekk samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár, en einnig sem valnámskeið á unglíngastigi. Niðurstöður sýna einnig að vefsíðuformið sé hentug lausn fyrir námsefni þar sem má reikna með því að nemendur hafi aðgang að spjaldtölvum. Útbúin hefur verið gagnvirk og myndræn vefsíða fyrir kennsluverkefni í fígúruhekli. Vefsíðan inniheldur myndbönd, myndir, grunnaðferðir í hekli, hugtök, leiðbeiningar, vinnuskýrslu og hugmyndir sem bæði kennarar og nemendur hafa aðgang að. Vefsíðan inniheldur grunnleiðbeiningar í fígúruhekli og sýnir vinnuferlið. Á vefsíðunni eru flýtleiðir og er hægt að smella beint á dálkana á forsíðunni til þess að komast á ákveðna blaðsíðu vefsíðunnar án þess að þurfa fletta í gegnum alla

vefsíðuna. Vefsíðan inniheldur vinnuskýrslu þar sem gefin eru upp ákveðin sniðmát fyrir nemendur til að vinna hugmyndavinnu, uppskriftargerð, ígrundun og sjálfsmat. Vinnuskýrslan er einnig til að auðvelda fyrir kennurum yfirferð á verkefnum og flýta fyrir námsmati. Í erindinu verður farið yfir þá kennslufræðilegu þætti sem einkenna kennslu í fígúruhekli og þau markmið sem liggja á bak við námsefnið á vefsíðunni.

## **Textílspil sem eflir sértækan orðaforða og hugtakaskilning í textíl**

**Kristbjörg Sunna Hafberg, meistaranemi MVS HÍ, Ásdís Jóelsdóttir, lektor MVS HÍ**

Markmiðið með rannsókninni var að hanna námsspil sem myndi vera fæðandi og skemmtilegt á sama tíma og um leið væri verið að efla sértækan orðaforða og hugtakaskilning í textíl með það að markmiði að nemendur næðu betri árangri í námi. Markmiðið var einnig að hægt væri að spila það á ólíka vegu, en aðeins þannig myndi það geta höfðað til fleiri nemenda. Orðin í spilu, ljósmyndir af hlutum og textaskýringar valdi höfundur með tilliti til þess hvernig þau koma fyrir í fag- og kennslubókunum og í íðorðasöfnum. Ólíkir sjónvinklar með ólíkum spilaaðferðum og endurtekningin í notkun spilanna myndu þannig geta eft og dýpkað skilning nemenda og aukið orðaforða þeirra. Textílsplið var prófað af nemendum á mismunandi aldurstigi og kennurum og sýndu þær niðurstöður að spilið er bæði fræðandi og skemmtilegt og nýtist til að auka orðaforða og hugtakaskilning nemenda. Textílsplið er þannig hugsað sem ákveðin kennslufræðileg aðferð til að efla sértækan orðaforða og hugtakaskilning í textílkennslu fyrir öll aldurstig grunnskólans. Spilið er í sömu stærð og hefðbundinn spilastokkur og samanstendur af 64 spjöldum, 32 spjöld með myndum og 32 spjöld með heiti hluta og stuttum og hnitmiðuðum textaskýringum. Á bakhlið spilanna safnast öll orðin saman í handahófskenndri röð í ólíkum litum og leturstærð sem getur líka hjálpað nemendum að nota útilokunaraðferðina til að finna réttu heitin eða samstæð spil. Í erindinu verður fjallað kennslufræðileg markmið spilsins og fjölbreytta virkni þess.

## **Textílmennt í dag og virði námsgreinarinnar í skólasamfélaginu**

**Erla Eypórsdóttir, meistaranemi MVS HÍ**

Markmið höfundar með rannsókninni var þannig að rýna í og að öðlast betri innsýn í fyrirkomulag námsgreinarinnar í skólasamfélaginu. Hér á við hvort lágmarksfjöldi kennslustunda í textílmennt, samkvæmt viðmiðunarstundaskrá, væri virtur og hvernig kennslufyrirkomulagi væri háttað. Í úrtakinu voru valdir af handahófi tíu grunnskólar víðsvegar af landinu. Safnað var saman gögnum um magn kennslutíma í textílkennslu og hverjir koma að kennslu greinarinnar og unnið úr þeim í þar til gerðum töflum. Í niðurstöðum um hverjir koma að kennslu í textílmennt kemur í ljós að 60% eru textílkennarar með kennsluréttindi og sérhæfingu í textílgreininni, en 40% hafa ekki sérhæfingu í greininni, eru leiðbeinendur, almennir kennarar eða umsjónarkennarar. Í 20% tilvika velja skólar að láta umsjónarkennara kenna textílgreinina á yngsta aldurstiginu (1.-4. bekk). Niðurstöður sýna að það sé vegið að mikilvægum réttindum nemenda ef að kennari er ekki fagmenntaður textílkennari enda er hann sérmenntaður í textíl eftir fimm ára háskólanám til kennsluréttinda í textíl og hönnun. Niðurstöður sýna vel að réttur grunnskólanemenda til þess tímafjöldi í textílkennslu sem lagt er upp með í viðmiðunarstundskrá er verulega skertur, sérstaklega á unglingsstiginu, en sá tími er mikilvægur undirbúningur fyrir náms- og starfsval nemenda eftir að grunnskóla lýkur. Í erindinu er skoðað hvort niðurstöður séu í samræmi við umræðuna innan skólasamfélagsins sem varð líka kveikjan að rannsókninni. Skoðaður er líka réttur nemenda til textílnáms samkvæmt aðalnámskrá og mikilvægi þess að því námi sé sinnt af faglærðum textílkennara.

## Orðasafn yfir fatagerð – hugmyndabanki, saga og sjálfbærni

### Ásdís Jóelsdóttir, lektor í textíl og hönnun MVS HÍ

Höfundur hefur unnið að íslensku orðasafni yfir fatagerð en samræmd orðanotkun um fatagerð mun nýtast sem mikilvæg undirstaða fyrir þróun og menntun í faggreininni og til útgáfu bóka og námsefnis. Markmiðið með orðasafninu er einnig að útskýra í orðum yfirgripsmikið fræðasvið fatagerðar og flókið ferli frá hugmynd að fullvinnslu. Um leið er verið að viðhalda þekkingar- og kunnáttusviði greinarinnar og ýta undir hugmyndaauðgi og nýsköpun í hönnun og gerð fatnaðar. Orðasafnið mun einnig auka skilning á sjálfbærni og umhverfisvitund vegna fjöldaframleiðslu, ofneyslu og fatasóunar. Í gegnum orð og myndir er gefin góð yfirsýn yfir sögu, stíla, efnisgerðir og flokka fatnaðar og helstu gerðir fatnaðar í hverjum flokki og fatahluta sem og sniðtækni, sniðagerð og saumtækni. Samræmd orðanotkun og orðfærni eykur og samræmir virkni, bæði í huglægum og líkamlegum skilningi, þ.e. þar sem hugur og hönd þurfa að vinna vel saman, bæði innan menntunar og starfa. Í erindinu verður fjallað um þá sögulegu þætti og hugmyndaauðgi sem orðasafnið mun gefa af sér og hvernig það getur aukið skilning og virki þegar kemur að sjálfbærni og mikilvægi þess að endurnýta og endurskapa fatnað sem leið til að koma í veg fyrir fatasóun.

## Textílvarp Rannsóknarstofu í textíl á Spotify

Markmiðið með hlaðvarpinu er að koma til móts við fræði-, fag- og áhugafólk innan faggreinarinnar. Fjallað er um viðburði sem snúa fjölbreyttum rannsóknum sem geta m.a. tengst; menntun, hönnun, tækni og framleiðslu, nýsköpun og listum, námi og kennslu og útgáfu bóka. Tekin hafa verið viðtöl við einstaka hönnuði, lista- og handverksfólk, útgefendur bóka, kennara o.fl. Ekki bættust við viðtöl árið 2024, en vonandi verður hægt að bæta úr því frá og með haustinu 2025.

### 4. Textílvarp 2023

Viðtala við Karl Aspelund, þjóðfræðing og gestadósent við Háskóla Íslands og deildarstjóra í textíl og fatahönnun við University of Rhode Island. Í viðtalinu greinir hann frá rannsóknarverkefni sem tengist NASA og búsetu í geimnum og sjálfbærum textíl.

### 5. Textílvarp 2023

Í þættinum var rætt um Rannsóknarstofu í textíl og tilurð hennar. Viðmælandi var Ásdís Jóelsdóttir, lektor í textíl og hönnun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, sem setti stofuna á legg en nær 40 aðilar koma að rannsóknarstofunni.

### 6. Textílvarp 2023

Viðtalið í þessum þætti var við Coco Viktorsson fatahönnuð. Coco hefur í gegnum tíðina starfað við ýmislegt sem viðkemur hönnun og búningagerð.

Viðtölin er hægt að nálgast á slóðinni: <https://open.spotify.com/show/1VjubicEp2v3GDp5cPJR63>

## Fræðslunefnd og síða Rannsóknarstofu í textíl hjá Menntavísindastofnun

Fræðslunefnd Rannsóknarstofu í textíl hefur tekið saman lokaritgerðir á Skemmu og flokkað þær eftir innihaldi og aðferðum, höfundum og heiti ritgerða. Yfirlitið hefur þegar verið birt inn á síðu

Rannsóknarstofu í textíl undir heimasíðu Menntavísindastofnunar, en á næsta aðilafundi stofunnar er verður efni kynnt betur. Í fræðslunefndinni eru Birna Guðmundsdóttir, formaður, Soffía Magnúsdóttir, Kolbrún Jenný Gunnarsdóttir og Ásdís Jóelsdóttir. Nefndin fékk góða aðstoð frá Gunnhildi Kristínu Björnsdóttur, fagstjóra rannsóknarþjónustu á Landsbókasafni Íslands, við að virkja tenglana í leitarflokkunum. Leitartenglar yfir lokaritgerðir og yfirlitið verður uppfært árlega.

Það er von fræðslunefndarinnar að leitartenglarnir eigi eftir að auðvelda kennurum á öllum skólastigum að finna fróðleik og hugmyndir og háskólanemum að finna ritgerðaefni, nýtt efni eða að vinna að áframhaldandi rannsóknum á því sem þegar hefur verið rannsakað. Hafa ber í huga höfundarétt höfunda, þ.e. að vitnað sé í heimildir og að ekki er mögulegt að nýta innihald ritgerða, s.s. námsefni, nema með samþykki og leyfi höfundar. Mesta ánægjan er fólgin í því að lesa ritgerðirnar og fræðast um textílheiminn í allri sinni mynd, eins og sjá má í yfirlitinu eru um 440 lokaritgerðir frá ýmsum háskólum og háskólasviðum sem fjalla um textíl út frá fjölbreyttum sjónvinklum og mismunandi áherslum.

Bestu kveðjur

Ásdís Jóelsdóttir, formaður Rannsóknarstofu í textíl